
Stefna LÍS um alþjóðavæðingu Íslensks háskólasamfélags

 LANDSSAMTÖK
ÍSLENSKRA
STÚDENTA



Efnisyfirlit

Stefna LÍS um alþjóðavæðingu íslensks háskólasamfélags	1
Inngangur	1
Alþjóðavæðing heima	2
1. Erlendir námsmenn á Íslandi.....	2
A) Skiptinemar og aðfluttir námsmenn.....	3
B) Innflytjendur	4
2. Kennarar og kennsla	5
Alþjóðavæðing að heiman.....	6
Íslenskir námsmenn erlendis.....	6
Áherslur LÍS í markvissari alþjóðavæðingu háskólastigsins	7
1. Áherslur gagnvart íslenskum menntayfirvöldum.....	7
2. Áherslur gagnvart háskólum Íslands.....	9

Stefna LÍS um alþjóðavæðingu íslensks háskólasamfélags

Inngangur

Markviss stefna um alþjóðavæðingu íslensks háskólasamfélags er nauðsynlegt skref í átt að samkeppnishæfara menntakerfi, víðsýnna samfélagi, fjölbreyttara vinnuafli og öflugra fræðastarfi.

Með þessari stefnu vilja Landssamtök íslenskra stúdenta (LÍS) leggja sín lóð á vogar-skálarnar í stefnumótun stjórnvalda og einstakra háskóla um alþjóðavæðingu íslensks háskólasamfélags, bæði heima og að heiman. Til grundvallar stefnu LÍS liggur sú hugmynd að jöfn tækifæri til náms, jafnt innanlands og erlendis, séu mannréttindi og ein af undirstöðum farsæls samfélags. Er það von LÍS að yfirvöld og háskólar leggi þá hugmynd einnig til grundvallar í stefnumótun sinni.

Alþjóðavæðing er drifkraftur frjáls flæðis þekkingar í heiminum. Hana má finna alls staðar í íslenska háskólakerfinu, sama hvort um ræðir; námsefni, kennsluhætti, aðferðafræði, hugmyndir eða orðræðu. Alþjóðavæðingu er einnig að finna í þeim fjölbreyttu einstaklingum og hópum sem saman

mynda íslenskt háskólasamfélag. Einn megin-tilgangur alþjóðavæðingar háskólastarfs er að víkka sjóndeildarhring námsmanna og kennara með því að kynna þá fyrir nýjum hugmyndum, sjónarhornum og kenningum sem þeir myndu annars verða af. Háskólamenntun og alþjóðavæðing haldast þannig hönd í hönd. Ísland er hluti af alþjóðasamfélaginu og því skiptir sköpum að huga vel að því að menntun í íslenskum háskólum beri þess keim í félag-slegu og námslegu tilliti.

Alþjóðavæðing miðar einnig að því að færa þekkingu, gagnrýna hugsun og skilning námsmanna á hærra stig, bæði hvað varðar hæfni þeirra sem fræðimanna og persónulega stöðu þeirra innan alþjóðasamfélagsins. Því einangraðra sem menntakerfi er frá umheiminum því verr standa námsmenn í tungumálum, menningarlausni, og skilningi á hugsunarhætti og hugmyndum fólks með ólíkan bakgrunn. Með bættum samgöngum og samskiptatækni verður heimurinn sífellt minni og þörfin fyrir slíka hæfni meiri.

Alþjóðavæðing getur líka stuðlað að því að skapa umburðarlyndara samfélag. Íslenskt háskólasamfélag þarf að vera leiðandi á þeim vettvangi og í baráttunni gegn fordómum.

Með því að setja fram stefnu um alþjóðavæðingu vill LÍS:

- Hvetja menntayfirvöld til að fara í stefnumótun um alþjóðavæðingu íslensks háskólastarfs, í samráði við stúdenta, sem og safna saman tölfraeðigögnum sem varða alþjóðavæðinguna.
- Tryggja frjálst flæði

kennara og nemenda á milli landa og háskólastofnana.

- Að fyrir hendi sé öflugt stuðningsnet fyrir þá kennara og nemendur sem koma erlendis frá.

- Að stjórnvöld og háskólastofnanir hafi það að

stefnu og markmiði að fjölga íslenskum námsmönnum sem sækja menntun sína að einhverju eða öllu leyti erlendis.

- Að fjarlægðar verði hindranir sem eru fyrir hendi þegar nemandi hyggur á skiptinám eða nám erlendis.

2 Alþjóðavæðing heima

Gott flæði háskólanemenda, kennara og fræðafólks milli innlendra og erlendra menntastofnana er nauðsynleg forsenda alþjóðavæðingar. Það að fjölga nemendum og kennurum erlendis frá er hinsvegar ekki nóg eitt og sér. Nauðsynlegt er að beina þeim mannauði í ákveðinn farveg og þróa aðferðir til að

gera reynsluheim þeirra að sameiginlegum gæðum sem íslenskir háskólar geta notið góðs af. Slíkt krefst langtímaáætlanu um alþjóðavæðingu af hálfu yfirvalda og menntastofnana. Áætlanirnar þurfa að taka jafnt til íslenskra háskóla sem og annarra opinberra stofnana, sem hafa með velferð fyrrnefndra hluthafa að gera.

1. Erlendir námsmenn á Íslandi

Erlendir námsmenn á Íslandi eiga að vera jafn réttháir íslenskum námsmönnum innan sinna menntastofnana og þá ber að virða sem órjúfanlegan hluta námsmannahópsins. Hvort sem þeir eru búsettir hér á landi til lengri eða styttri tíma ber undir engum kringumstæðum að líta á þá sem gesti eða ferðamenn heldur fullgilda aðila að íslensku menntakerfi. Þannig þarf námsefni, framboð og kennsla að taka mið af þörfum þeirra.

Með samskiptum sínum við kennara, nemendur og annað starfsfólk innan íslensks menntakerfis auðga erlendir nemendur íslenskt háskólastarf. Þannig eru þeir lykilhluthafar í alþjóðavæðingu

háskólamenntunar heima fyrir. Víða erlendis hefur verið komið á fjárhagslegum hindrunum í formi sérstakra skólagjalda fyrir nemendur utan EES og leggur LÍS mikla áherslu á að slíkar hindranir verði ekki teknar upp hér á landi. Fjárhagslegar hindranir draga úr jafnrétti til náms sem og úr fjölbreytni hópsins og þar með úr þeim margbreytilega reynsluheimi námsmanna sem samfélagið nýtur góðs af. Íslenskum menntayfirvöldum ber að tryggja að erlendir námsmenn hafi greiðan og jafnan aðgang að menntun á öllum stigum háskóla hér á landi, jafnt í formi skiptináms, lotunáms eða staðnáms - uppfylli nemendur almennar aðgangskröfur. Einnig verður að gera þá kröfu að þeir erlendu námsmenn sem koma hingað til lands geti stundað nám á enskri tungu.

A) Skiptinemar og aðfluttir námsmenn

Mikill fjöldi aðfluttra námsmanna¹ stundar staðarnám í íslenskum háskólum en einnig koma árlega til landsins hópar skiptinema

sem dveljast hér mislengi. Margar hindranir eru fyrir því að fjölbreyttari hópur erlendra námsmanna en raun ber vitni sæki nám hér á landi. Margir sem komast yfir þær mæta svo öðrum hindrunum þegar hingað er komið sem draga úr námsupplifun þeirra og þar með úr gæðum íslensks menntakerfis.

Meðal hindrana fyrir umsókn um nám hér á landi eru²:

- Fjárhagslegar hindranir.
- Mikill skortur á fjölbreyttu námi/áföngum á ensku.
- Námsleiðum, s.s. lotunámi og starfsnámi.
- Almennur skortur á upplýsingum um námsmöguleika og umsóknarferlið.
- Erfiðleikar í tengslum við mat á fyrra námi.
- Skortur á sérúrræðum fyrir foreldra, fólk með fatlanir og aðra hópa sem þurfa aukinn stuðning.
- Skortur á fjölbreyttari

Meðal hindrana þegar hingað er komið eru³:

- Misvísandi kennslu-áætlanir, til dæmis áfangar sem ekki eru kenndir á ensku þrátt fyrir að gert hafi verið ráð fyrir því í kennsluáætlun.
- Skortur á viðeigandi húsnæði; það er húsnæði á viðráðanlegu verði, á stúdentagörðum sem og á hinum almenna leigumarkaði
- Landið sem veldur streitu og seinkar afhendingu nauðsynlegra námsgagna
- Skortur á almennum upplýsingum um réttindi námsmanna og tilhögun náms.
- Takmörkuð atvinnutækifæri
- Lítil stuðningur við íslenskunám.
- Seinagangur yfirvalda við skráningu nemenda inn í
- Skortur á tækifærum til virkrar þátttöku í félagslífi og starfi innlendra námsmanna.

1 Með orðinu innflytjendur er átt við fólk sem hefur flust hingað til lands með það fyrir augum að búa hér í lengri eða skemmri tíma. Í tilfellum innflytjenda er nám hluti af en ekki upprunaleg eða endanleg forsenda fyrir lífi þeirra hér á landi.

2 Hindranir takmarkast ekki við þær sem taldar eru upp.

B) Innflytjendur¹

Í samantektum íslenskra háskóla yfir nemendur er fjöldi innflytjenda ekki tekinn saman. Úr þessu er nauðsynlegt að bæta, enda kemur þessi upplýsingaskortur ekki aðeins upp um áhugaleysi á málefnum innflytjenda heldur skekkir hann tölur tengdar alþjóðavæðingu í íslenskum

menntastofnunum. Af reynslu íslenskra stúdentafulltrúa að dæma er aðgengi innflytjenda og afkomenda þeirra að æðri menntun mun takmarkaðara en aðgengi námsmanna af íslenskum uppruna. Íslenskum menntayfirvöldum ber að tryggja að innflytjendur á Íslandi hafi greiðan og jafnan aðgang að menntun á öllum stigum háskóla hér á landi, jafnt í formi skiptináms, lotunáms eða staðnáms - uppfylli þeir almennar aðgangskröfur.

Meðal hindrana fyrir aðgengi innflytjenda að æðri menntun eru²:

- Misjöfn og óskýr réttindi til fjárhagslegs stuðnings við nám.
- Takmörkuð sérúrræði fyrir nemendur af erlendum uppruna í námi á íslensku.
- Skortur á upplýsingum um námsmöguleika.
- Félagslegar hindranir, fordómar og skortur á samskiptum við íslenska nemendur.
- Takmarkað námsframboð á ensku.
- Skortur af hvatningu af hálfu samfélagsins.



Alþjóðavæðing heima

2. Kennarar og kennsla

Ein áhrifaríkasta leiðin til að auka fjölbreytni í námi og kennsluaðferðum er að kennarar séu vel upplýstir um alþjóðavæðingu náms. Því má til dæmis ná fram með auknum möguleikum fyrir kennara og kennaranema að fara í skiptinám og sækja námskeið erlendis. Þá má ekki gleyma skiptikennslu og fjölþjóðlegri samsetningu nemendahópa. Ólíkar væntingar, sjónarhorn eða námsstíll nemenda sem hafa lært annars staðar en á Íslandi geta opnað hug kennara fyrir nýjum leiðum í kennslu sem gagnast öllum nemendum hans. Stefna um alþjóðavæðingu íslensks háskólasamfélags þarf að horfa sérstaklega til þess hvernig hjálpa á kennurum að nýta og miðla ólíkri þekkingu og reynsluheimi innlendra og erlendra nemenda. Að sama skapi þarf stefnan að horfa sérstaklega til þess hvernig kennara geta hvatt til samskipta milli þeirra.

Hér á landi þarf að auka framboð þegar kemur að námsleiðum á enskri tungu. Það eitt og sér er hinsvegar ekki nóg sé ætlunin að stuðla að alþjóðavæðingu

háskólastarfs. Kennarar sem kenna blönduðum hópum erlendra og innlendra nemenda þurfa að hafa gott vald á enskri tungu. Sé það ekki raunin getur skortur á hæfni kennarans orsakað skil á milli erlendra og íslenskra nemenda og er því mikilvægt að tryggja að þeir kennarar sem kenna á enskri tungu fái hæfni sína reglulega vottaða á viðeigandi námskeiðum á vegum kennslumiðstöðva. Í þeim námskeiðum sem eiga samkvæmt kennsluskrá að vera kenndir á ensku má oft finna fleiri íslenska en erlenda nemendur.

LÍS þekkir fleiri dæmi en tekur að nefna fyrir því að námskeið sem auglýst eru með ensku sem kennslutungumál séu í raun kennd á íslensku. Slíkt er óásættanlegt og brýtur gegn réttindum nemenda. Fræðilegt nám á ensku er mikilvægur grunnur að undirbúningi fyrir atvinnumarkaðinn sem og grunnur að frekara námi erlendis og því mikilvægt nemendunum sjálfum sem og þjóðfélaginu sem þeir búa í. Með öðrum orðum, námskeið á að vera kennt á því tungumáli sem auglýst er og ætti það að vera ófrávíkjanleg regla.



Íslenskir námsmenn erlendis

Þrátt fyrir aukið framboð háskólanáms hér á landi sækir mikill fjöldi Íslendinga enn nám í erlendum háskólum, hvort sem er til skemmri tíma í skiptinámi eða í lengri tíma til að ljúka námsgráðu. Íslenskum menntayfirvöldum ber að tryggja að íslenskir háskólanemar hafi greiðan og jafnan aðgang að menntun á öllum stigum háskóla á erlendri grundu, jafnt í formi skiptináms, lotunáms eða staðnáms, uppfylli nemendur almennar aðgangskröfur.

Að mati LÍS ætti annar stærsti háskóli Íslands að telja íslenska nemendur erlendis - sama hvort um ræðir skipti- eða staðnám. Í dag eru nemendur erlendis rúmlega 3100, þar af eru í kringum 2000 nemendur á lánnum hjá LÍN ásamt rúmlega 1100 nemendum á SU-styrk í Danmörku. Þessi tala ætti að vera mun hærrí enda hagnast hvert samfélag óneitanlega af því að nemendur sækí menntun sína að einhverju leyti erlendis og snúi aftur með viddtækari þekkingu inn í eigið samfélag. Þannig færast hluti af vaxandi þekkingarsamfélagi heimsins hingað heim.

Meðal hindrana vegna staðnáms og skiptináms erlendis eru¹:

- Fjárhagslegar hindranir vegna skólagjalda.
- Fjárhagslegar hindranir vegna framfærslu.
- Stofnanatregða, til að mynda erfiðleikar við að fá nám, einingar eða réttindi til
- undanþága viðurkenndar hjá LÍN. „Computer says no.“
- Skortur á aðgengi að upplýsingum.
- Skortur á sérúrræðum til dæmis fyrir foreldra og fólk með fatlanir.
- Viðurkenning á loknum einingum/námsgráðum þegar heim er komið.
- Skortur á fyrirmyndum/reynslu innan námsbrautar.

Áherslur LÍS í alþjóðavæðingu íslensks háskólasamfélags

1. Áherslur gagnvart íslenskum menntayfirvöldum

Hreyfanleiki

■ Auka þarf hreyfanleika nemenda, kennara og annarra háskólaborgara milli landa. Ásamt auknu vægi veraldarvefsins er hreyfanleiki ein grunnstoð alþjóðavæðingar menntunar. Miða ætti við að árið 2020 hafi 40% útskrifaðara Íslendinga tekið háskólamenntun sína að hluta til eða að öllu leyti erlendis. Markmið Evrópusambandsins (ESB) er að 20% nemenda aðildarríkja sækji menntun sína að einhverju leyti í öðru ríki en sínu eigin. Æskilegt er að talan sé hærri fyrir íslenska nemendur vegna einangrunar og einsleitni hér á landi.

■ Einnig ætti að miða við að 60% kennarastéttarinnar, á hverju menntastigi

fyrir sig, hafi hlotið menntun eða reynslu að einhverju leyti erlendis. Þá ætti að hvetja til símenntunar þeirra innanlands sem og erlendis. Besta leiðin til að færa alþjóðavæðinguna heim til þeirra sem ekki öðlast slíka reynslu frá fyrstu hendi er að veita námsmönnum og kennurum reynslu erlendis sem þeir svo færa heim.

■ Veita ætti umsóknum námsmanna, sem teknir hafa verið inn í íslenskar menntastofnanir, sérstakan forgang í vinnuferli Útlendingastofnunnar til að tryggja að þeir geti komið til landsins og hafið nám á réttum tíma við upphaf skólaársins.

Greiningar og rannsóknir

■ Alþjóðavæðingu skyldi aldrei smætta niður í tölfræði. Engu að síður er nauðsynlegt að hafa slík gögn til hliðsjónar þegar hugað er að menntakerfi landsins. Ráðast þarf í víðtæka greiningu á nemendahópum í íslenskum háskólum; slenskum staðnemunum erlendis, íslenskum skiptinemunum, aðfluttum nemendum á Íslandi, skiptinemunum á Íslandi, innflytjendum og öðrum nemendum til að fá skýrari mynd af því hverjir það eru, frá eða á Íslandi, sem sækja sér æðri menntun. Ekki er nóg að greina hverjir það eru sem fara frá Íslandi í skiptináms eða staðarnám erlendis eða koma hingað í nám heldur einnig af hverju aðrir velja að fara ekki í nám erlendis.

■ Þegar sú greining liggur fyrir þarf að setja aukinn kraft í að hlúa sérstaklega að þeim hópum sem eiga erfiðara með að sækja sér æðri menntun. Þrátt fyrir að takmarkaðar innlendar rannsóknir liggja fyrir gefa erlendar

rannsóknir til kynna að fólk með fatlanir, foreldrar, innflytjendur og fólk sem ekki hefur fordæmi fyrir háskólamenntun innan sinnar fjölskyldu sé mun ólíklegra en aðrir til að sækja sér háskólamenntun og þá sérstaklega erlendis. Sama gildir um aðra jaðarhópa, sem sagt fólk með geðraskanir og hinsegin fólk. Íslensk menntayfirvöld þurfa að beita sér sérstaklega fyrir aðgengi þessara hópa að æðri menntunarstigum þrátt fyrir að frekari greiningar á íslenskum nemendahópum liggja ekki fyrir að svo stöddu.

■ Með því að hlúa sérstaklega að jaðarhópum íslensks menntakerfis er unnið gegn einangrun sem er ein forsenda félagslegra vandamála. Menntun bætir lífsgæði og eykur tækifæri jaðarsettra einstaklinga og gerir þeim kleift að verða virkir þátttakendur í samfélaginu í stað fjárhagslegrar byrðar.

Fjármál og efnahagur

1 Rannsókn 1, Rannsókn 2 og Rannsókn 3.

■ Danskar rannsóknir sýna að Danmörk hefur mikinn beinan efnahagslegan ávinning af því að taka á móti erlendum nemendum.¹

■ Líkur eru á að það sama gildi eða geti gilt hér á landi. LÍS skorar á íslensk yfirvöld að framkvæma sambærilega rannsókn hér á landi og auka möguleika erlendra námsmanna á að leggja sitt af mörkum til íslensks atvinnulífs. Það má gera með því að rýmka lög um dvalar- og atvinnuleyfi, vegna náms, eftir námslok svo þeir nemendur hafi svigrúm til að fnna starf við hæfi. Ekki má líta framhjá þeirri þekkingu sem erlendir nemendur öðlast hér á landi og taka með sér til síns heimalands.

■ Tryggja þarf íslenskum námsmönnum aðgengi að nægjanlegu fjármagni til náms á erlendis, hvort heldur vegna staðnáms eða skiptináms, skólagjalda og/eða framfærslu, í formi lána eða styrkja. Lánasjóður íslenskra námsmanna fullnægir engan veginn þörfum námsmanna í dag. Það sést einna best á stofnun lánasjóðsins Framtíðarinnar á vegum GAMMA sem hagnast á úrræðaleysi

námsmanna. LÍS hvetur stjórnvöld til þess að endurskoða lánasjóðinn frá grunni með það fyrir augum að tryggja jöfn tækifæri til náms og koma í veg fyrir óhóflega skuldsetningu þeirra sem sækja sér menntun. Gera þarf samskiptaleiðir og regluverk LÍN skýrara, gagnsærra og aðgengilegra. Þá þarf að auka sveigjanleika vegna sértílfella og ófyrirsjáanlegra aðstæðna.

■ Skapa ætti íslenskum fyrirtækjum hvata til að ráða erlenda nemendur í launaðar starfsnámsstöður (e.internships) til að kynna þá fyrir íslenskum atvinnumarkaði. Einnig ætti að veita íslenskum fyrirtækjum með starfsstöðvar erlendis hvata til að ráða íslenska nemendur í launaðar starfsnámsstöður svo íslenskir námsmenn hafi tækifæri til að kynnast erlendu starfsumhverfi innan sinnar greinar.

■ Auka þarf fjárframlög til háskóla og eyrnamerkja hluta þess alþjóðavæðingu. Með því styður samfélagið nemendur og kennara í alþjóðlegri þekkingarleit sem gagnast að lokum samfélaginu í heild.

2. Áherslur gagnvart íslenskum háskólum

Flæði og öflun upplýsinga

■ Íslenskir háskólar ættu að gefa árlega út opinbera skýrslu um stöðu alþjóðavæðingar á þeirra vegum, með góðu yfirliti yfir hvernig hefur verið unnið að henni og niðurstöðum þeirrar vinnu. Einnig skal koma fram hvernig til stendur að vinna að áframhaldandi alþjóðavæðingu, með skilgreindum markmiðum til fimm ára í senn.

■ Gera þarf upplýsingar um nám erlendis sýnilegri og háskólara ættu að leggja aukna áherslu á að hvetja nemendur og starfsfólk til að sækja sér reynslu erlendis frá. Sérstaka áherslu ætti að leggja á hvatningu til skiptináms í deildum þar sem færri nemendur velja slíka kosti að staðaldri.



Nám og kennsla

■ Einfaldasta leiðin til að kynna nemendur á Íslandi fyrir alþjóðalegri vidd er að sjá þeim fyrir kennurum með reynslu erlendis frá. Því þarf að styðja sérstaklega við alþjóðavæðingu kennarahópsins og veita honum aukin tækifæri og hvata til endurmenntunar og rannsókna erlendis.

■ Þegar til lengri tíma er litið ættu íslenskar menntastofnanir að huga að fleiri samningum erlendar menntastofnanir um styttri og fjölbreyttari skiptinámstímabil sem henta breiðari hópi. En til þess að slíkt nám gæti nýst sem flestum þyrfti LÍN að koma til móts við námsmenn með sérstökum tegundum lána.

■ Finna þarf markvissar leiðir til að nýta þekkingu og reynslu erlendra stúdenta og kennara á Íslandi. Fyrsta skrefið væri að fjölga bæði erlendum nemendum og kennurum á Íslandi sem og námskeiðum og námsleiðum á ensku. Miða ætti við að erlendir námsmenn á Íslandi séu 20 til 25 prósent nemendahópsins hverju sinni.

■ Auka þarf framboð á námi á ensku. Málstefna menntastofnanna ætti að leggja meiri áherslu á gæði náms, bæði fyrir innlenda og erlenda nemendur, á sama tíma og hún þjónar þeim tilgangi að vernda íslenska tungu. Skylda ætti kennara sem kenna á ensku að standast viðeigandi námskeið í kennslu á ensku og taka hæfnipróf með reglulegu millibili. Hægt væri að spyrja nemendur um enskukunnáttu kennara í kennslukönnunum og grípa til viðeigandi ráðstafana sé tilefni

til. Fáir kennari ítrekað slæm ummæli ætti að endurskoða stöðu hans sem kennara í viðkomandi námskeiði.

■ Tryggja þarf öllum erlendum nemum aðgengi að hagnýtu íslenskunámi meðfram öðru háskólanámi, þeim að kostnaðarlausu. Þá þarf á sama tíma að vera hægt að krefja íslenska nemendur um að geta stundað nám sitt á ensku og tjáð sig á ensku án vandkvæða. Það er ekki aðeins nauðsynleg forsenda þess að hægt sé að krefja íslenska háskóla um aukið námsframboð á ensku heldur auðgar það menntun sérhvers hluthafa.

■ Auk hefðbundinna skiptinámssamninga háskólanna ætti hver og ein deild hvers og eins háskóla að leitast við að gera sérsamninga um skiptinám við erlenda skóla, með kennsluskrár sem ríma við þær kröfur sem gerðar eru til nemenda í viðkomandi deildum, svo hægt sé að auka möguleika nemenda á að taka skiptinám við hæfi.

■ Enn er gríðarlegt ójafnvægi milli vinnuálags að baki hveftrar einingar í íslensku menntakerfi, milli skóla, námsleiða og jafnvel milli einstakra námskeiða innan sömu námsleiða á sama námsstigi. Þetta er nauðsynlegt að bæta í takt við markmið Bologna-ferlisins.

■ Starfsnám bæði innanlands og erlendis þarf að vera metið til eininga. Háskólar ættu að hvetja nemendur sína sérstaklega til að fara í starfsnám erlendis og aðstoða þá við að finna viðeigandi starfsnámsstöður.

Samfélagsleg ábyrgð

■ Alþjóðavæðing er ekki samheiti yfir vesturlandavæðingu, enda þarf íslenskur mannauður áhrif úr öðrum áttum til að dýpka skilning sinn á heiminum. Við áætlanagerð vegna alþjóðavæðingar þarf að líta út fyrir hefðbundna viðskiptafélaga Íslands og til þeirra menningarheima sem sjaldnar eiga fulltrúa innan íslenska

menntakerfisins. Þar ber helst að nefna þróunarlönd. Nú þegar stjórnvöld um gjörvalla Evrópu glíma við áskoranir tengdar komu flóttafólks í neyð er vert að muna að menntun er langtímalausn. Gefðu manni fisk og hann er mettur í sólarhring, kenndu manni að fiska og hann mettar sig og aðra allt sitt líf.

Aðgengi

■ Nauðsynlegt er að tryggja og viðhalda aðgengi fatlaðs fólks, til dæmis aðgengi fyrir blinda og fyrir fólk sem bundið er við hjólastól, að íslenskum háskólum, stúdentaíbúðum og öðrum þjónustukjörnum. Erlendir, sem innlendir stúdentar njóta góðs af betra aðgengi fyrir fatlaða og er það skoðun LÍS að íslenskir háskólar eigi að vera leiðandi í aðgengismálum. Reglulega þyrfti að yfirfara aðgengismál með hjálp fatlaðs fólks.

■ Einnig þarf að tryggja erlendum nemum með námsörðugleika, s.s. lesblindu og ADHD, aðgengi og sérstakan stuðning.

Ættu námsráðgjafar að hljóta sérstaka þjálfun í að styðja við erlenda nemendur.

■ Aðgengi er líka félagslegt. Íslenskir háskólar þurfa að þróa leiðir til að styðja við stúdentafélög í umleitunum þeirra við að bjóða erlenda nemendur velkomna og hjálpa þeim að kynnast íslenskum námsmönnum. Á milli íslenskra og erlendra námsmanna er breitt bil sem þarf að brúa og þó svo að stúdentafélög vilji taka ábyrgð er það engu að síður fyrst og fremst háskóla að sjá til þess að erlendir nemendur upplifi ekki félagslega einangrun á Íslandi.